

Varnaraðili, Hálf dán Henrysson, greiði sóknaraðilja, dóms-
málaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands, 3.000.00 krónur í
kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21.nóvember 1984.

Nr. 53/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Vilhjálm Kristni Garðarssyni

Viktori Scheving Ingvarssyni og

Elíasi Bjarnhéðni Bjarnhéðinssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Áfengislög. Lögreglusamþykkt. Sýknað af ákæru um brot gegn
209. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason,
Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu
2. mars 1984. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. apríl. Af hálfu
ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Við flutning málsins
fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari gert þá varakröfu, að atferli
ákærðu verði talið varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr.
82/1969 og 8. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmanna-
eyjar nr. 320/1979. Hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með
tilliti til þess.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta
þá niðurstöðu, að ákærðu hafi gerst sekir um atferli það, sem þeim
er gefið að sök. Þykir það varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga,
sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 8. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykkt-
ar fyrir Vestmannaeyjar, sbr. 17. gr. laga nr. 75/1982, en framan-
greindum ákvæðum lögreglusamþykktar má beita skv. 118. gr. laga

nr. 74/1974. Hins vegar þykir 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki eiga við háttsemi ákærðu.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um refsingu og um sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar eftir því sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu Vilhjálmur Kristinn Garðarsson, Viktor Scheving Ingvarsson og Elías Bjarnhéðinn Bjarnhéðinsson, greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. desember 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ.m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, dagsettu 15. júní 1983, á hendur Vilhjálmi Kristni Garðarssyni nema, Foldahrauni 41, fæddum 3. september 1960 í Vestmannaeyjum, Viktori Scheving Ingvarssyni, verkamanni, Vestmanna- braut 57, fæddum 20. desember 1964 í Hafnarfirði, Grétari Þór Sævalds- syni sjómanni, Hrauntúni 46, fæddum 24. júlí 1960 í Vestmannaeyjum, og Elíasi Bjarnhéðni Bjarnhéðinssyni verslunarmanni, fæddum 6. júlí 1964 í Vestmannaeyjum, öllum til heimilis í Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa, laugardaginn 12. febrúar 1983, er ákærðu voru ölvaðir og farþegar í bifreiðinni V-164 (sic) á ferð um götur í Vestmannaeyjakaupstað, girt niður um sig er bifreiðin ok um Strandveg og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Laugardaginn 12. febrúar 1983, kl. 17.25, hafði ónafngreind kona í Vest-

mannaeyjum símleiðis samband við lögregluna þar í kaupstaðnum. Skýrði hún frá því, að farþegar í bifreiðinni V-1648 „væru að reka bera þjóhnappa sína út um glugga bifreiðarinnar.“

Einn lögreglumaður fór þegar í stað að svipast um eftir bifreið þessari og fann hana eftir nokkra leit, en þá var ökumaður hennar, Páll Þór Guðmundsson, búinn að skila af sér farþegunum.

Páll sagði, að fjórir farþegar hefðu sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Gaf hann lögreglumanninum upp nöfn á þeim, og eru þeir hinir ákærðu í máli þessu.

Hann kvað menn þessa hafa komið fullklædda inn í bifreiðina, en klætt sig þar úr. Efst á Hólagötu hefðu þeir farið úr bifreiðinni á nærbuxunum einum fata. Kvaðst hann hafa bedið þá að hætta þessari vitleysu, en þeir hefðu verið ölvaðir og ekki viljað hlusta á sig.

Við lögreglurannsókn málsins skýrði ákærði Vilhjálmur Kristinn svo frá, að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag, um kl. 17, ásamt meðákærðu, en ökumaður hefði verið Páll Þór Guðmundsson. Þá hefði verið í bifreiðinni farþegi að auki, sem hann mundi ekki hver var.

Er bifreiðinni var ekið eftir Strandvegi, kvað hann ákærðu hafa girt niður um sig, snúið berum sitjandanum að gluggum bifreiðarinnar og þrýst að gluggarúðum hennar.

Kvað hann þá hafa verið að heilsa vegfarendum með þessum hætti.

Ákærði kvað ökumann bifreiðarinnar hafa bedið þá að láta af þessum fíflalátum, en þá hefðu þeir verið hættir, þar eð ekkert gaman hefði verið af þessu lengur.

Við lögreglurannsókn málsins skýrði ákærði Elías Bjarnhéðinn svo frá, að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag ásamt meðákærðu og Viðari Hjálmarssyni, en ökumaður hefði verið Páll Þór Guðmundsson.

EKKI kvaðst ákærði minnst þess, að þeir félagar hefðu sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar í umrætt sinn, en þeir hefðu aftur á móti klætt sig úr öllum fötunum í bifreiðinni, þó að undanskildum nærbuxum. Þá kvað hann alla farþegana hafa verið meira og minna undir áfengisáhrifum.

Ákærði Viktor Scheving skýrði svo frá við lögreglurannsókn málsins, að hann hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 hinn umrædda dag ásamt meðákærðu, en ökumaður áðurnefndur Páll Þór.

Kvaðst hann hafa verið ofurólvi og því muna óljóst, hvað gerðist. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann eða félagar hans hefðu girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Gæti hann hvorki játað þessu né neitað.

Ákærði Grétar Þór skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði

verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag ásamt meðákærðu, en ökumaður margnefndur Páll Þór.

Kvað hann alla farþegana hafa verið mjög ölvaða. Er þeir voru staddir á Strandvegi, kvað hann alla ákærðu hafa girt niður um sig buxurnar og sett beran sitjandann út að lokuðum gluggum bifreiðarinnar. Taldi ákærði, að þeir hefðu verið að heilsa vegfarendum með þessum hætti.

Svo sem fyrr segir, var Páll Þór Guðmundsson, Hrauntúni 48 hér í bæ, ökumaður bifreiðarinnar V-1648, er atburður sá, sem hér er til umfjöllunar, átti sér stað. Við lögreglurannsókn málsins staðfesti hann, að allir hinna ákærðu hefðu verið farþegar í bifreiðinni umræddan dag, en auk þeirra hefðu Viðar Hjálmarsson og Birgir Rögnvaldsson verið þar farþegar.

Vitnið kvað ákærðu hafa girt niður um sig buxurnar og sett beran sitjandann að lokuðum gluggum bifreiðarinnar, en ekki kemur fram í skýrslu Páls Þórs, hvar þetta átti sér stað. Hann hefði beðið þá að hætta þessum fíflalátum, en þeir hefðu haft þau tilmæli hans að engu. Kvað hann þá alla hafa verið ölvaða og galsi verið í þeim.

Með bréfi, dagsettu 28. apríl sl., var málið sent ríkissaksóknara til fyrir-sagnar. Heimilaði hann með bréfi, dagsettu 18. maí sl., að málinu yrði lokið með dómsáttum, enda féllust hinir kærðu á að greiða hæfilegar sektir auk sakarkostnaðar. Þótti brot þeirra varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengis-laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Hinn 25. sama mánaðar komu allir ákærðu fyrir dóm, og var þeim kynnt efni bréfs ríkissaksóknara. Höfnuðu þeir allir að ljúka málinu með ofan-greindum hætti.

Málið var þá endursent ríkissaksóknara og ákæra gefin út hinn 15. júní, svo sem fyrr greinir.

Verða nú raktir framburðir ákærðu fyrir dómi:

Ákærði Elías Bjarnhédinn neitaði því að hafa girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648 laugardaginn 12. febrúar sl., er henni var ekið um Strandveg. Hins vegar kvaðst hann hafa verið farþegi í bifreiðinni umræddan dag í sama skipti og margnefndur atburður átti sér stað. Hann hefði þó ekki verið ölvaður heldur „timbraður“ eða „þunnur“, enda hefði hann neytt áfengis nóttina áður.

Er ákærða var kynnt skýrsla vitnisins Páls Þórs Guðmundssonar hjá rannsóknarlögreglu sagði hann, að hann kannaðist eftir sem áður ekki við að hafa átt hér hlut að máli. Ákærða voru einnig kynntar skýrslur þær, sem teknar voru af meðákærðu við lögreglurannsókn málsins. Kvaðst hann enn sem fyrr ekki muna eftir því, að atburður sá, sem þeim félögum væri gefinn að sök í ákæruskjali, hefði átt sér stað.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn kvað háttsemi sinni ekki nákvæmlega rétt lýst í ákæruskjali. Í fyrsta lagi myndi hann ekki til að hafa verið ölvaður

í bifreiðinni umræddan dag. Þá sagði ákærði, að hann hefði ekki vísitandi sýnt á sér beran sitjandann. Hann hefði að vísu girt niður um sig í bifreiðinni og snúið berum sitjandanum að glugga, þannig að það gæti hafa sést utan af götu. Þá væri ekki ólíklegt, að þetta hefði átt sér stað, er bifreiðinni var ekið eftir Strandvegi.

Ákærði kvaðst muna, að meðákærðu voru farþegar í bifreiðinni í sama skipti, en hvort þeir hefðu haft í frammi svipaða tilburði og hann, myndi hann ekki.

Er ákærða var kynnt skýrsla sú, sem tekin var af honum við lögreglu-rannsókn málsins, kvaðst hann nú muna, hvers vegna þeir „moonuðu“, þ.e. sýndu á sér beran sitjandann. Kvað hann þá með þessum hætti hafa verið að heilsa einum félaga sinna, Páli Scheving Ingvarssyni, sem þá hefði verið á göngu á Strandvegi.

Þá voru ákærða kynntar skýrslur þær, sem teknar voru af meðákærðu og vitninu Páli Þór Guðmundssyni. Í þessu sambandi sagði ákærði, að hann treysti sér ekki til að segja til um, hvort hann hefði verið ölvaður í umrætt sinn.

Ákærði Viktor Scheving kvað háttsemi sinni um ölvunina rétt lýst í ákæruskjali, en síðara atriðið, sem honum væri gefið að sök, kannaðist hann ekki við, þ.e. að hafa sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648 umræddan dag.

Er ákærða var kynnt skýrsla vitnisins Páls Þórs Guðmundssonar hjá rannsóknarlögreglu, sagði hann, að hann myndi að vísu ekki, hvað gerst hefði í bifreiðinni, en honum væri sagt, að hann hefði ekki sýnt af sér þá háttsemi, sem í ákæru greinir.

Ákærði Grétar Þór kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru. Hann kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni V-1648 laugardaginn 12. febrúar sl., ásamt meðákærðu. Kvaðst hann hafa verið ölvaður og hið sama ætti við um meðákærðu. Ökumann kvað hann hafa verið Pál Þór Guðmundsson.

Síðdegis þennan dag, er bifreiðinni var ekið eftir Strandvegi, kvaðst ákærði hafa girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í framgluggum bifreiðarinnar. Jafnframt sagði hann, að meðákærðu hefðu sýnt af sér sams konar athæfi.

Ákærði kvað einhverja farþega hafa verið í bifreiðinni auk hans og meðákærðu, en hverjir þeir voru, mundi hann ekki.

Vitnið Birgir Rögnvaldsson kvað það rétt vera, að það hefði verið farþegi í bifreiðinni V-1648 hinn 12. febrúar sl., þegar nokkrir af farþegum bifreiðarinnar girtu niður um sig og sýndu á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar.

Sagði vitnið, að þeir farþegar, sem þetta gerðu, hefðu verið þeir Vilhjálmur Garðarsson, Grétar Sævaldsson og Viktor Ingvarsson.

Vitnið kvað þennan atburð hafa átt sér stað síðari hluta dags og ökumaður hefði verið Páll Þór Guðmundsson.

Vitnið sagði, að áfengi hefði ekki verið haft um hönd í bifreiðinni, og það minntist þess ekki, að farþegarnir hefðu verið undir áfengisáhrifum.

Er vitnið var að því spurt, hvort Elías Bjarnhéðinsson hefði verið farþegi í bifreiðinni umrætt sinn, sagði vitnið, að það gæti vel verið. Vitnið var þá spurt að því, hvort áðurnefndur Elías hefði verið einn þeirra, sem sýndu á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Það kvaðst ekki muna þetta, enda væri þessi atburður sér ekki í fersku minni.

Vitnið Viðar Hjálmarsson kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni V-1648 umræddan dag, þegar fjórir farþegar hennar, ákærðu í máli þessu, tóku upp á því að girða niður um sig buxurnar og sýna á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar. Ekki kvaðst vitnið geta sagt til um, hvar þetta átti sér stað í bænum. Sömuleiðis kvaðst vitnið ekki muna, hvort einhver þeirra hefði haft sig öðrum fremur í frammi. Það kvað Pál Þór Guðmundsson hafa verið ökumann bifreiðarinnar í umrætt sinn.

Vitnið kvaðst hafa setið aftast í bifreiðinni ásamt öðrum pilti, en sá hefði ekki haft sig í frammi.

Vitnið kvað alla 4 piltana hafa verið undir áfengisáhrifum án þess þó að geta lýst ölvunarástandi þeirra nánar, en áfengi hefði verið haft um hönd í bifreiðinni.

Vitnið Páll Þór Guðmundsson skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið ökumaður bifreiðarinnar V-1648 umræddan dag, þegar ákærðu, sem allir voru farþegar í bifreiðinni, girtu niður um sig og sýndu á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar.

Sagði vitnið, að atburður þessi hefði átt sér stað, þegar það ók bifreiðinni austur Strandveg. Kvað það Vilhjálm hafa haft sig einna minnst í frammi.

Minnti vitnið, að tveir piltanna, sem einkum höfðu sig í frammi, hefðu verið í framsætinu við hlið ökumanns og sýnt á sér beran sitjandann við framrúðu og hliðarrúðu bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið með fortölum hafa reynt að fá piltana ofan af þessu háttalagi, en án árangurs.

Vitnið kvað fólk hafa verið á ferli, er umræddur atburður átti sér stað. Þá kvað það alla piltana hafa verið undir áfengisáhrifum, en þó mismikið. Ennfremur sagði vitnið, að þeir hefðu haft áfengi um hönd.

Eins og fyrr er frá greint, var það ónafngreind kona, sem tilkynnti lögreglunni um atburð þann, sem hér er til umfjöllunar. Af hálfu ákærvaldsins var talið nauðsynlegt að yfirheyra konu þessa, áður en málið yrði dómtekið.

Af þessu tilefni var Geir Jón Þórisson lögregluvarðstjóri kvaddur fyrir dóminn. Vitnið kvaðst hafa verið á vakt, er umrædd kona tilkynnti margnefndan atburð. Kvaðst það hafa spurt konuna að nafni, en hún hefði ekki

viljað segja til nafns, og ekki kvaðst vitnið hafa þekkt, hvaða kona þetta var. Vitnið kvaðst hafa skilið konuna þannig, að hún hefði verið stödd á Hólagötu, er hún varð vör við gerðir bifreiðarinnar V-1648, en það þyrfti ekki endilega að þýða, að hún ætti þar heima. Loks kvaðst vitnið hafa látið kanna í húsum í grennd við Hólagötu 48, hvort konan ætti heima þar í nánd, en svo hefði ekki reynst vera. Taldi vitnið því, að ógjörlegt væri að upplýsa, hvaða konu hefði verið hér um að ræða.

Vegna þeirra ummæla ákærða Vilhjálms Kristins, að ákærðu hefðu verið að heilsa Páli Scheving Ingvarssyni með því að sýna á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648, var nefndur Páll Scheving kvaddur fyrir dóm. Hann kvaðst hins vegar ekki minnst þess að hafa verið á göngu á Strandvegi um þetta leyti umræddan dag, heldur hefði hann verið við vinnu þennan laugardag á vinnustað sínum Skipalyftunni h.f..

Af hálfu ákærðu er haldið uppi vörnum í málinu. Krefst verjandi ákærðu þess, að þeir verði allir sýknaðir af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og sér tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr rikissjóði.

Niðurstöður.

Í ákæruskjali er bifreið sú, sem um er rætt í máli þessu, ranglega tilgreind V-164, en á að vera V-1648. Hafa allir hinna ákærðu bent á þetta atriði fyrir dómi. Verjandi ákærðu hreyfir hins vegar þeirri vörn, að vegna þessarar villu í ákæruskjali beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna af ákæruatriðum. Þrátt fyrir þessa misritun er unnt að leggja dóm á ákæruefnið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu tveggja hinna ákærðu, þeirra Viktors Scheving og Grétars Þórs, er viðurkennt bæði fyrir lögreglu og dómi, að þeir hafi verið ölvaðir í bifreiðinni V-1648 hinn umrædda dag. Ákærði Elías Bjarnhéðinn segir í skýrslu sinni hjá lögreglu, að þeir félagar hafi allir verið meira og minna undir áhrifum áfengis, en fyrir dómi kveðst hann einungis hafa verið „timbraður“ eða „þunnur.“ Vætti vitnanna Páls Þórs Guðmundssonar og Viðars Hjálmarssonar, sem einnig fá stoð í framburði ákærðu Viktors Scheving og Grétars Þórs, þykja veita lögfulla sönnun þess, að hið sama hafi átt við um ákærðu Vilhjálmm Kristinn og Elías Bjarnhéðinn þrátt fyrir neitun þeirra fyrir dómi þar að lútandi.

Ákærðu Grétar Þór og Vilhjálmm Kristinn hafa báðir viðurkennt að hafa girt niður um sig og sýnt á sér beran sitjandann í gluggum bifreiðarinnar V-1648, þegar henni var ekið eftir Strandvegi hinn 12. febrúar 1983. Ákærði Elías Bjarnhéðinn neitar hins vegar alfarið að hafa átt hér hlut að máli, og ákærði Viktor Scheving ber við minnisleysi um þetta ákæruatriði sakir ölvunar. Vætti vitnanna Páls Þórs Guðmundssonar, Viðars

Hjálmarssonar og að hluta Birgis Rögnvaldssonar, sem einnig fá stoð í framburði ákærða Grétars Þórs og öðrum þræði einnig í framburði Vilhjálm Kristins, benda hins vegar til þess, að allir hinna ákærðu hafi sýnt af sér það athæfi, sem áður er lýst.

Verjandi ákærðu bendir á í vörn sinni, að þær athafnir, sem gerast í bifreið, séu ekki og geti ekki almennt talist til þeirra athafna, sem gerast á almannaferi í skilningi refsilaga. Maður í bifreið sé innan sinna einkamarka og gildi þar jafnt um, hvort hann sé farþegi í bifreið eða ökumaður, hvort hann eigi bifreiðina eða hafi hana til afnota.

Í þessu sambandi er á það að líta, að 21. gr. áfengislaga tekur til ölvunar í bifreiðum samkvæmt beinu orðalagi sínu. Þá er það staðreynd, að Strandvegur er ein af aðalgötum Vestmannaeyjakaupstaðar, þar sem ávallt má búast við fólki á ferli.

Telja verður, að með háttalagi sínu hafi tilgangur ákærðu verið sá að vekja á sér athygli á stað, þar sem almennt mátti búast við mannaferðum, en háttsemi sem þessi er almennt til þess fallin að valda opinberu hneyksli og misbjóða almennu velsæmi. Á hinn bóginn þykir mega fallast á það með verjanda ákærðu, að hér hafi enginn kynferðislegur þáttur verið í.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telst nægilega sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali og þar er heimfærð til rétttra refsíákvæða. Þykir það ekki hafa áhrif á ofangreinda niðurstöðu, að ekki tókst að hafa upp á konu þeirri sem tilkynnti lögreglu atburðinn.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hefur enginn þeirra sætt kærú né refsingu, svo kunnugt sé.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin þannig, að hver þeirra um sig greiði kr. 4.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakakostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Vilhjálmur Kristinn Garðarson, Viktor Scheving Ingvarsson, Grétar Þór Sævaldsson og Elías Bjarnhéðinn Bjarnhéðinsson, greiði hver um sig kr. 4.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1984.

Nr. 225/1984. **Anna Norris**

gegn

Gunnari H. Pálssyni

Sigrúnu S. Pálsdóttur

Brynjólfi Ámundasyni

Guðrún Ámundadóttur

Sigmundi Ámundasyni og

Ingimar Ámundasyni

Kærumál. Erfðamál. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 30. október 1984, sem barst Hæstarétti 15. nóvember 1984, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 26. október 1984. Krefst hann þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og *aðallega* að málinu verði vísað frá skiptaréttinum, en *til vara* að synjað verði kröfu um endurupptöku skipta í db. Þormóðs Guðmundssonar og töku bús hans til opinberra skipta.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi kærðu fyrir skiptaréttinum og kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim tildæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með vísan til 71. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.